

## REGLUGERÐ

### um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

#### 1. gr.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins er deild í stofnverndarsjóði sem starfar samkvæmt 15. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð í hrossarækt annast stjórn sjóðsins.

Sjóðurinn er í vörslu Bændasamtaka Íslands sem annast reikningshald sjóðsins og ávöxtun í samráði við fagráðið. Reikningar stofnverndarsjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

#### 2. gr.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Stjórn Bændasamtaka Íslands skal staðfesta úthlutun styrkja eftir tillögum fagráðs samkvæmt viðauka I.

#### 3. gr.

Óheimilt er að skerða höfuðstól stofnverndarsjóðs að raungildi frá því sem var 1. janúar 1998.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 470/1999 um stofnverndarsjóð íslenska hestsins.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 3. gr. er heimilt á árunum 2015-2020, að úthluta árlega allt að 12.000.000 kr. af höfuðstól sjóðsins að meðtöldum árlegum vaxtatekjum á næstliðnu ári og öllum tekjum sjóðsins samkvæmt 6. gr. laga nr. 27/2011, um útflutning hrossa, á næstliðnu ári. Fjárhæðin skal taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Miða skal við grunnvísitölu fyrir októbermánuð 2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. desember 2015.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

## VIÐAUKI I

**Verklagsreglur um úthlutun styrkja úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins.**

## 1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun styrkja úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins.

## 2. gr.

Allt að tvisvar á ári auglýsir fagráð í hrossarækt, t.d. í Bændablaðinu, eftir umsækjendum um styrki til þróunar- og rannsóknarverkefna í hrossarækt. Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bændasamtaka Íslands á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té, eða á rafrænu formi.

## 3. gr.

Fagráð í hrossarækt leggur faglegt mat á umsóknir um styrkveitingar. Styrkhæf eru hver þau verkefni sem talin eru stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans.

## 4. gr.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, rannsóknarhópar, háskólar, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a. Listi yfir alla sem aðild eiga að verkefninu.
- b. Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 3. gr. og hvernig það gagnast íslenskri hrossarækt að öðru leyti.
- c. Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- d. Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- e. Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

## 5. gr.

Áður en styrkur er greiddur skal umsækjandi staðfesta að fjármögnun verkefnisins í heild hafi verið tryggð, sbr. d-lið 4. gr. Greiða má allt að 40% af samþykktum styrk til styrkþega þegar verkefni er sannarlega hafið. 20% af styrk má svo greiða þegar áfangaskýrslu hefur verið skilað sem gefur til kynna að framvinda verkefnisins sé a.m.k. 60% af heildarverkefninu. Eftirstöðvar framlagsins 40%, má þá greiða þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt í fagráði í hrossarækt.

Fagráði í hrossarækt er þó heimilt að víkja frá þessu ef eðli verkefnisins krefst þess.

## 6. gr.

Styrkþegar skulu skila skýrslu um verkefnið til fagráðs í hrossarækt eigi síðar en 6 mánuðum eftir að því lýkur. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu. Í skýrslunni skal lagt mat á framgang verkefnisins og hvernig það hafi fallið að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 3. gr.

## 7. gr.

Styrkveitingar til verkefna þar sem ekki tekst að uppfylla skilyrði þessara reglna um skýrsluskil og lok verkefnis, sbr. 6. gr. innan 12 mánaða frá því að fagráð í hrossarækt samþykkir fyrirheit um styrk, falla niður.